



Dómkórinn syngur í kirkju heilags Nikulásar við Gamla torgið í Prag.



Tvö tónskáld: Petr Eben og Porkell Sigurbjörnsson á góðri stund í Prag.

PETR EBEN

ÞEKKTASTA TÓNSKÁLD TÉKKA BAUÐ DÓMKÓRNUM Í AFMÆLIÐ SITT

EFTIR PRÖST HARALDSSON

Fyrir þrjátíu og fimm árum – sumarið 1964 – fór ég í hópi unglinga til Tékkóslóvakíu. Við fórum með því góða skipi Dronning Alexandrine sem hafði viðkomu í Færeyjum á leiðinni til Kaupmannahafnar. Þaðan var haldið áfram með lest til Prag og flugvél sem millilenti í Brno og Bratislava áður en hún lenti í borginni Banská Bystrica í miðri Slóvakíu.

Skammt frá þeirri borg dvöldum við svo í fjórar vikur í ungherjabúðum, eins konar sósíalískum Vatnaskógi eða Úlfjótssvatni, ásamt hundruðum ungmenna frá ýmsum löndum Evrópu. Þessar vikur lifa í minningunni sem alger paradísarönd. Veðrið var dásamlegt og við gengum um og tindum hindber af trjám milli þess sem við hömuðumst á íspróttavellinum og urðum ástfangin þrisvar á dag.

Við ferðumst líka um Slóvakíu, fórum í langa ferð upp í Tatrafjöllin við pólsku landamærin og sáum í leiðinni stærsta dropasteins-helli í Evrópu sem mig minnir að hafi verið sagður 150 km að lengd enda teygði hann sig langt inn í Pólland. Og aldrei rigndi, að minnsta kosti gerir það ekki í minningunni.

Á einum stað námu rúturnar staðar og okkur var sagt að fara út að skoða merkilega hluti. Í minningunni er eins og þá hafi dregið fyrir sólu þegar við gengum drjúga stund um fanga-búðir nasista úr síðari heimsstyrjöldinni. Þar sáum við dvalarstaði fanganna og sturtur sem voru vist ekki eingöngu ætlaðar fyrir vatn. Og við sáum gríðarmikinn ofn með víðu opi að ofan. Upp að því var okkur sagt að hefði áður fyrir legið færiband því ofan í ofninn voru líkin sett eftir að fangarnir höfðu farið í sturtu.

Við gengum þegjandi í burtu frá þessum stað og settumst upp í rútu. Eftir nokkra stund tók sólin aftur að skína og við höldum áfram að vera glaðir unglingar í paradísarleik.

Af röngu faðerni

Þessi ferð hefur smám saman verið að rifjast upp fyrir mér að undanfögnu og ástæðan er sú að leið mín lá aftur til Tékkóslóvakíu, reyndar bara til þess hluta sem nú heitir Tékkland. Dómkórinn söng nú í lok október á tónlistarhátíð í Prag sem haldin var í telfni af sjötugs-afmæli Peters Ebens. Hann er þekktasta tónskáld Tékka um þessar mundir og álitinn verðugur arftaki stórmeistara tónlistarinnar á borð við Dvorák, Smetana og Janasek.

Þegar Petr Eben var á svipuðu reki og við unglingarnir sem upplifðum paradís á jörð austur í Slóvakíu komust þýsk hernaðaryfirvöld að því að hann væri af óæskilegu faðerni

og sendu hann ásamt föður sínum til Buchenwald. Þar lenti Petr Eben í þeim hremmingum meðal annars að vera sendur í sturtu án þess að vita hvort úr henni kæmi vatn eða eitthvað annað. Sem betur fer fyrir hann og heiminn var bara vatn í sturtunum í Buchenwald þann daginn og Petr Eben lifði dvölna af.


Reynsla Peters Ebens úr fangabúðum nasista leiddi hann á vit trúarinnar og kannski er það þess vegna sem hann er ekki þekktari hér uppi á Íslandi en raun ber vitni. Nútímaleg kirkjutónlist er ekki það sem vekur mesta athygli í tónlistarlífinu en meira máli skiptir þó eflaust sú staðreynd að trúarlegt inntak tónlistar Peters Ebens var við völd þar í landi. Tónlist hans var ekki talin heppileg til útflutnings.

Upp á líf og dauða

Petr Eben fæddist í smábænum Zamberk skammt frá landamærum Bæheims og Póllands árið 1929 en fjölskylda hans fluttist skömmu síðar til Český Krumlov í suðurhluta Bæheims þar sem hann ólst upp. Þar í borg er frægur kastali og í honum kirkja þar sem Petr hinn ungi fékk sínar fyrstu kennslustundir í tónlist. Á fyrstu árum heimsstyrjaldarinnar síðari dvaldi hann löngum stundum á kirkju-loftinu og byrjaði að læra á orgel þótt hann næði vart niður á fótstigið.

En árið 1943 komust yfirvöld að því að afi Peters var gyðingur og þá var endi bundinn á tónlistarnám og aðra skólagöngu unglingsins. Engu skipti þótt fjölskyldan játaði kaþólska trú, Petr og faðir hans voru sendir í fangabúðirnar í Buchenwald í Þýskalandi og voru þar til stríðsloka.

Þessi reynsla markaði Petr Eben fyrir líf-stíð. Stundirnar á kirkju-loftinu beindu honum inn á tónlistarbrautina og dvölin í fangabúðunum illræmdu efldi með honum trúarþörfina. Kannski engin furða því í Buchenwald stóð hann daglega andspænis spurningum um líf og dauða, grimmd mannsins og hæfileika hans til að trú á betra líf. Hann fékk þá köllun að bæta heiminn og koma á sáttum og friði milli manna.



Líkbreunsluofninn sem greinarhöfundur skoðaði í fangabúðum nasista í Tékkóslóvakíu fyrir 35 árum.



Sungjó fyrir gesti og gangandi á Gamla torginu þar sem hjarta Tékklands slær í takt við klukkurnar frægu í ráðhúsinu.

Eftir stríðið settist hann að í Prag og hélt þar áfram tónlistarnámi. Árið 1948 innritaðist hann í Tónlistarakademíuna í Prag og nam þar pianóleik og tónsmíðar næstu sex árin. Hæfileikar hans til að miðla öðrum komu fljótt í ljós og hann var skipaður kennari við Karlsháskóla árið 1955. Þar kenndi hann upp frá því samhlíða tónsmíðum.

Biðin langa eftir vorinu

En þótt stríðinu hefði lokið með ósigri nasismans stéðjuðu aðrar ógnir að hinu upprennandi tónskáldi og kennara. Árið 1948 komst kommúnistaflokkurinn til valda í Tékkóslóvakíu og forystumenn hans voru lítt gefnir fyrir trúariðkan. Petr Eben stóð fast á því að hlýða köllun sinni og mætti í messu á hverjum sunnudegi ásamt fjölskyldu sinni. Þetta var ekki hollt fyrir starfsframann og fyrir vikið var honum synjað um stöðuhækkun. Hann gegndi lektorsstöðu við háskólann allt fram til ársins 1989 þegar hann var loksins gerður að prófess-

or, þá orðinn sextugur.

Þrátt fyrir þessa þrjúsku hans við að halda í trúna slapp hann við margar verstu hliðar hins kommúníska stjórnarfars. Hann hélt stöðu sinni við háskólann og gat eflaust þakkað það tvennu, annars vegar því að hann var fórnarlamb nasista í stríðinu og hins vegar því að hann var afburðagóður og vinsæll kennari. Það síðarnefnda sást glöggst eftir Flauelsbyltinguna árið 1989 en þá greiddu háskólanemar atkvæði um það hvaða kennara úr fortíðinni þeir vildu halda í. Við talningu kom í ljós að nafn Peters Ebens var á öllum atkvæðaseðlum.

Eben tók þátt í andófinu gegn einræði kommúnistaflokksins þótt ekki gæti hann talist áberandi í því. Hann er ágætur vinur Vaclavs Havels forseta og árið 1990 var hann kallaður til að stjórna þekktustu tónlistarhátíð Tékka sem ber heitið *Vorð í Prag*. Hann var listrænn stjórnandi hennar í fjögur ár og fékk á þeim tíma marga þekktustu útlaga Tékka úr röðum tónlistarmanna til að koma á hátíðina. Síðan hefur þessi hátíð verið helsta stolt Tékka á menningarsviðinu.

Þjóðlög og munkasöngur

Petr Eben hefur verið afkastamikill tónskáld. Listinn yfir tónsmíðar hans er langur og spannar að heita má allar tegundir tónlistar. Mest hefur hann samið af orgeltónlist en kórverk og einsöngslög eru einnig fyrirferðarmikil. Hann hefur samið fjölmörg kammerverk fyrir pianó og strengjahljóðfæri og spreytt sig bæði á óperum og sínfónum.

Tónlist hans stendur ýmsum fótum. Hann komst ungur í tæri við tékknesk þjóðlög og fór um á skólaárum sínum og safnaði þjóðlögum frá Mæri. Í verkum hans gætur mikilla áhrifa frá einradda söng eins og munkar hafa iðkað um aldir enda hefur hann dvalið af og til í klaustrum til að kynna sér sönglist íbúanna. Einnig hefur hann orðið fyrir áhrifum frá tónlist endurreisnartímans og fleira mætti tína til. Við heyrdum til dæmis leikna sínfónu eftir hann, glæsilegt æskuverk sem hann samdi 24 ára gamall. Þar byggir hann á einradda söngstefjum en áhrif ýmissa helstu tónskálda aldarinnar – Bartoks, Hindemiths, Mahlers – eru einnig greinileg.

Þjóðlögum og fornum kirkjusöng steypir hann saman við nútímalegra tónmál svo úr verður áhrifamikil og grípandi tónlist. Eitt þeirra verka sem Dómkórinn flutti í Prag er *Prager Te Deum* sem Eben samdi um það bil sem árið 1990 gekk í garð. Í því ríkir mikil gleði og fögnuður og tónskáldið hefur lýst því hvernig hann stefnir saman gregoríönskum munkasöng og nútímalegu tónmáli. Meginstefið er for einradda söngur en gegn því er stillt upp nútímalegu viðlagi. „Þessar andstæður,“ segir Petr Eben, „eru mér mikilvægar því þær tákna settir sögulegra hefða og veruleika nútímans innan veggja kirkjunnar.“

Útkoman er glæsilegt kórverk með undirleik fjögurra blásara, páku og annars slagverks. Helsta tónskáld Tékka er þar að fagna nýfengnu frelsi þjóðar sinnar með áhrifamiklum hætti. Þetta verk var fyrst flutt 20. apríl 1990 á tónleikum sem haldnir voru til heiðurs Jóhannesi Páli páfa sem þá var í heimsókn í Prag.

Tónverk fyrir Dómkórinn

Á tónlistarhátíðinni í Prag flutti Dómkórinn einnig verkið *Visio Pacis – Friðarsýn* – sem Petr Eben samdi sérstaklega fyrir kórinn. Það var frumflutt á Tónlistardögum Dómkirkjunnar haustið 1994 að tónskáldinu viðstöddu. Einnig söng kórinn það inn á geisladiskinn *Um aldir alda* sem kom út á 200 ára afmæli Dómkirkjunnar árið 1996.

Marteinn H. Friðriksson dómorganisti og stjórnandi Dómkórsins segir að það hafi í raun verið alger tilviljun að Petr Eben skyldi semja

tónverk fyrir Dómkórinn.

„Þetta gerðist þannig að árið 1992 fengum við enskan gestastjórnanda til að stjórna Dómkórnum. Ég þurfti að fara til Lundúna vegna undirbúnings og sá þá auglýsta tónleika sem mér þóttu forvitnilegir. Þar heyrði ég meðal annars verkið *Missa Adventus et Quadragesima* eftir Petr Eben og hreifst mikið af. Svo mikið að þegar ég kom heim skrifaði ég tónskáldinu bréf og bað hann að útvega mér nótur að þessu verki og jafnvel fleirum. Ég sagði honum deili á mér og Dómkórnum og að við hefðum þann sið að fá tónskáld til að semja eitt nýtt verk fyrir okkur á hverju ári. Svo spurði ég hvort hann væri ef til vill fánlegur til að semja fyrir okkur.

Hann tók þessu ákaflega vel og sagði það mikinn heiður fyrir sig að fá að semja tónverk fyrir Íslendinga, þeir væru friðelskandi þjóð sem hefði aldrei farið með stríði á hendur öðrum þjóðum. Hann vildi semja við jákvæðan texta og fyrir valinu varð fallegur texti úr Jesaja þar sem segir frá framtíðarríkinu þegar allt mannkyn talar einni tungu og ljónið bitur gras með lambinu á meðan kálfarnir leika sér við skógarbirnina.

Petr Eben kom svo hingað til lands ásamt konu sinni þegar við fluttum verkið og reyndist afskaplega látlaus og þægilegur maður eins og allir sannir listamenn. Það var því gaman að geta heiðrað hann á afmælinu hans,“ sagði Marteinn H. Friðriksson.

Brennir tónleikar

Ferðin til Prag var mikil upplifun fyrir alla sem þátt tóku í henni. Við sungum þrívegis, fyrst á Gamla torginu nærri styttni af Jóhanni Húss þar sem við fluttum íslensk þjóðlög í bland við madrígala. Föstudaginn 29. október sungum við tvívegis ásamt kór frá Varberg á vesturströnd Svíþjóðar. Fyrri tónleikarnir voru haldnir í kirkju heilags Nikulásar við Gamla torgið en þar sungu kórarnir hvor í sínu lagi verk eftir Petr Eben og frá heimalöndum sínum. Auk þriggja verka eftir Eben fluttum við *Requiem Jóns Leifs*, *Credo* eftir Hjálmar H. Ragnarsson og *Aminningu* eftir Þorkel Sigurbjörnsson en hann var með okkur í þessari ferð ásamt Barböru konu sinni.

Um kvöldið fluttum við okkur um set yfir í Basilíku heilags Jakobs sem er steinsnar frá Gamla torginu. Þar sungu kórarnir saman tvö verk Ebens, *Missa Adventus* og *Te Deum* sem áður eru nefnd. Einnig voru á dagskránni verk fyrir orgel og trompet sem heimamenn fluttu.

Af öðrum tónleikum á þessari tónlistarhátíð er það að segja að hún hófst áður en við komum með tónleikum kórs frá Finnlandi. Daginn eftir tónleika okkar voru svo sínfóniutónleikar í Rudolfinum-tónleikahöllinni þar sem fluttu voru verk eftir Anton Dvorák og Petr Eben. Hátíðinni lauk svo á sunnudagskvöldi þegar sænski kórinn og kór frá München í Þýskalandi ásamt innlendum einsöngvurum og hljómsveit fluttu *Requiem* Mozarts í kapellu sem kennd er við Betlehem.


Kunnugleg rödd

Að öðru leyti nutum við lífsins í þessari fögru borg sem einkennist af mikilli uppbyggingargleði. Það er hægt að eyða mörgum dögum í það eitt að horfa á húsín í Prag og enn fleiri í að horfa á mannlífið. Þarna má sjá allar helstu stíltegundir byggingarlistarsögunnar, allt frá barokk til rjómatertustíls Jósefs Stalíns. Það er búið að gera upp mörg hús af ást og virðingu fyrir hefðinni og hvarvetna er verið að hamast. Á sjálfan þjóðhátíðardag Tékkka, 28. október, urðum við að klofa yfir tæki og tól byggingarmanna til að komast inn á æfingastað. Og tilbrigði mannlífsins eru ekki færri en í húsagerðarlistinni því Prag stendur á krossgötum margra heima ef út í það er farið.

Að sjálfsgöðu höfðum við opin augun fyrir framlagi Íslendinga til menningarlífsins í borginni. Þar ber hæst veitingastaðinn Restaurant Reykjavík í hjarta bæjarins sem Þórir Gunnarsson ræðismaður starfrækir af myndarskap. Og þar sem við sátum og horfðum á uppferlu á *Don Giovanni* Mozarts í brúðuleikhúsi fannst okkur ein röddin hljóma kunnuglega. Þar var þá kominn Kristinn Sigmundsson sem söng hlutverk Il Commendatore af alkunnum glæsibrag. Ég hef reyndar heyrt að þessi sýning sé væntanleg á listahátíð í Reykjavík næsta sumar og mæli eindregið með henni.

En þeim sem áhuga hafa á að kynnast hinu geðþekka tónskáldi Petr Eben skal bent á að til þess gefst ágætt tækifæri í Dómkirkjunni annað kvöld, sunnudagskvöld kl. 20:30, þegar *Dómkórinn syngur öll verkin sem við sungum í Prag*. Þar verður einnig mættur tékkneski organistinn Jan Kalfus sem lék með okkur í Prag, mikill snillingur. Að viðbættum verkum Ebens flytur kórinn nýtt verk sem Páll Pampichler Pálsson samdi fyrir okkur og nefnist *Lux aeterna* eða *Ljósíð eilífa*.

Höfundurinn er blaðamaður og syngur 2. bassa í Dómkórnum. Flestar myndanna tók Eyþór Arnason.



Jökulvatn í grennd við Skaftafell. Vatnslitir 1994. Eign Barbican Center í London.

ÍSLANDSFERÐIR MOY KEIGHTLEY

EFTIR HAFDÍSI

HERBERTSDÓTTUR BENNET

Ísland var hinn írskætt-
uðu Moy Keightley
innblástur, hliðstætt því
sem fjallið St. Victoire var
Cézanne og Giverny-
garðurinn var Monet.
Hún undi sér best í
viðfeðmi öræfanna,
en því miður er þessi
listakona fallin frá
fyrir aldur fram.

MOY Keightley var orðin þroskuð listakona og merkur kennari (kenndi m.a. við Central St. Martin's School of Art í London, einn best þekkt listaskólann í Englandi) er hún kom til Íslands í fyrsta sinn árið 1977. Má segja að upprá því ætti landið hug hennar allan. Hún undi sér best í viðfeðmi öræfanna og þótt fædd væri og uppálin í stórborg, vilði hún ekki fyrir sér óþægindin og erfið- ið sem því gátu fylgt, einkum í misjöfnum veðrum. Raunar voru það einmitt hinar snöggu veðrabreytingar, með tilheyrandi



Við Öskju um sólsetur. Vatnslitir.

ljósbrigðum og stórfenglegu skýjafari sem höfðuð mest til hennar og urðu að hennar sérfagi.

Hún þróaði tækni sem var mjög sérstæð og persónuleg, var líkast því að hún skapaði fagurgerðan vef úr landslaginu, oft settan perlum og eðalsteinum. Þótt hún ynni nær eingöngu í vatnslitum og í fremur smáu formi, voru það ótrúleg áhrif sem hún töfraði fram. Sjálf á ég eftir hana uppáhaldsmynd sem, þótt óhlutlægt sé, gefur til kynna að tíminn sé nokkuð löngu eftir sólarlag síðla hausts, það er horft til Íshafsins – dumbrauðir og ísbláir litirnir senda kaldan hroll niður bakið en ylja um leið hjartarætur útlaganum, barni norðursins, sem sest hefur að á erlendri grund en aldrei alveg fest rætur.

Árið 1995 tók Moy þátt í alþjóðlegri samkeppni, sem beint var að starfandi listamönnum og nefnd var „Listamenn á ferð“. Átti efnid að vera sem næst ferðasaga í myndum. Hún sendi inn verk, sem samsett var úr svipmyndum frá Íslandi,

nefnt „Íslandsferð – 30 ferðabættir“, hver og ein lítil gersemi þrungin kyngikrafti íslenskrar náttúru. Hún bar sig úr bítum, hlaut að verðlaunum þriggja vikna ferð og upphald hvar sem hún vildi í heiminum. Varð Ástralía fyrir valinu og naut hún þeirrar ferðar í ríku mæli. Eigi að síður sneri hún sér strax að efninu þegar heim kom: að vinna úr efniviði þeim sem hún hafði safnað að sér á Íslandi um sumarið.

Moy var hógvæð og eðlisfari og lagði ekki sjálfshól í vana sinn, en í þetta sinn sagði hún mér sigri hrósandi: „Ég vann þetta fyrir Ísland“ – en eftir svolitla umhugsun bætti hún við „en Ísland vann það líka fyrir mig“.

Moy kemur ekki til Íslands í ár. Premur vikum eftir að hún kom heim úr Íslandsferðinni í fyrra fékk hún heilablóðfall og dó skyndilega. Það sorglega er að hún hafði einmitt þá um sumarið látið af kennarastörfum og hugðist beina öllum sínum kröftum að listsköpuninni. Hún